

Auður I fjárfestir í ELM

Fjárfestingarsjóður Auðar Capital, Auður I, hefur gengið til samstarfs við ELM og eigendur þess með kaupum á þriðjungs hlut í félaginu, að því er segir í tilkynningu frá Auði Capital. „ELM hannar, framleiðir og selur vandaðan hátískufatnað fyrir konur. Slagorð ELM eru „designed by women for women“. Félagið var stofnað 1999 af þremur íslenskum hönnuðum, Ernu Steinu, Lísbeti og Matthildi, og vísar nafn félagsins í upphafsstafi þeirra. ELM hefur náð miklum árangri á skömmum tíma. Salan hefur vaxið um tæp 50% á hverju ári síðustu 3 árin og koma um 80% af sölnni erlendis frá,“ segir m.a. í tilkynningunni.

